

Rauðukambar ehf
Norðurljósavegi 9
241 Grindavík

Reykjavík, 26. júní 2024
UST202406-194/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum-vegaframkvæmd Þjórsárdalur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Rauðukamba ehf, dagsett, 14. júní 2024, um leyfi til framkvæmda innan landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdalur.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal er friðlýst sbr. auglýsingu nr 110/2020. Framkvæmdir, sbr. 13. gr., skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Til að tryggja vernd jarðminja á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 13. gr. og 14. gr. Ekki skal vinna á móti náttúrulegri framvindu gróðurs á svæðinu nema í því skyni að standa vörð um verndargildi gervigíganna í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun. Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til veglagningar. Vegurinn myndi liggja milli gestastofu í Þjórsárdal að Fjallaböðunum við Rauðukamba. Teikning sem sýnir fyrirhugað legu vegarins fylgdi með umsókn. Hluti vegarins, um 800 metra langur vegkafli myndi vera innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal en heildarlengd vegarins yrði 9,5 km. Vegurinn yrði uppbyggður og um 4 metra breiður. Leitast yrði við að ganga frá sárum við nýja veginn með sem bestum hætti og breiða staðbundið jarðefni yfir vegfláa. Efni í veginn kæmi úr námum utan hins friðlýsts svæðis en ráðgert er að úr öllum veginum kæmu 10.000 m³ úr skeringum sem yrðu nýtt í fláafleyga. Verkinu verður skipt upp í tvo áfanga. Sá fyrri verður unnin sumarið 2024 og tekur líklega 3 mánuði í vinnslu. Síðari áfangi verður unnin 2025. Að verkinu kæmu 2-4 starfsmenn og myndi vinna hefjast um leið og leyfi liggur fyrir.

Umsagnir:

Í samræmi við 13. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins í stjórnartíðindum nr. 100/2020 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Minjastofnunar Íslands þann 26. júní 2024 um framkvæmdina. Umsögn Minjastofnunar barst þann 26. júní 2024. Í umsögn Minjastofnunar kom fram að Minjastofnun hefur samþykkt vegagerð í tengslum við hótélbyggingu við Rauðukamba í Þjórsárdal. Bæði nýja veglagningu á hluta leiðarinnar frá þjónustumiðstöð

við Selhöfða að hótélbyggingu við Rauðukamba sem og „heimreið“/þjónustuveg upp að hótélinu. Fornleifaskráð var sérstaklega þar sem nýr vegur kemur. Nokkur styr stóð um vegkaflann upp að hótélinu þar eð Minjastofnun hafði haldi því mjög fram frá upphafi að landi yrði ekki raskað vestan gilsins sem er á milli hótélstæðisins og minjasvæðisins í vestri. Niðurstaðan varð engu að síður sú að leyfa framkvæmdaaðilum að fara rétt vestur fyrir gilið með veginn, til að vinna á móti hinum mikla halla fjallshlíðarinnar, áður en vegurinn sveigir svo skarpt til austurs yfir gilið. Við þá ákvörðun vógu þungt umhverfisverndarsjónarmið því með þessari leið þarf mun minna að raska landi. Minjastofnun hefur þó sett sem skilyrði að sérskaklega varlega verði farið með vinnuvélar og að fulltrúi stofnunarinnar verði við framkvæmdirnar þegar landi verður bylt vestan gilsins.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufrar svæðisins til langstíma en um er að ræða óafturkræfa framkvæmd. Vegurinn verður byggður upp með aðfluttu efni og malbikaður. Vegurinn er aftur á móti nauðsynlegur til að gestir geti nýtt sér þá aðstöðu sem verið er að byggja upp í Rauðkömbum og er í samræmi við samþykkt skiplag sem lá fyrir þegar svæðið var friðlýst. Mat Umhverfisstofnunar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Rauðukömbum fyrir sitt leyti leyfi fyrir veglagninguni innan landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdal sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem nota þarf vegna verkefnisins að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Koma skal fyrir merkingum við framkvæmdarstað að um að þetta sé framkvæmdarsvæði og að Umhverfisstofnun hafi veitt leyfi fyrir framkvæmdinni
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Fylliefni verði sótt í námur utan verndarsvæðisins en gengið verði frá yfirborðinu með staðbundnu efni sem ætti að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Svæðið er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir framkvæmdinni.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Vegna framkvæmda við veglagninguna utan svæðisins minnir Umhverfisstofnun á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur